



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skýrsla starfsfólks	3
Gæðamat. Innra matskerfi	5
Kennslukönnun meðal nemenda, eftir hvert námskeið	5
Könnun meðal nemenda í lok skólaárs	8
Sjálfsmat kennara	14
Umbætur	14
Viðauki 1	17
Viðauki 2	18
Viðauki 3	23

Inngangur

Lýðskólinn á Flateyri tók til starfa í september 2018 og hefur því nú lokið átta starfsárum. Í júní 2019 voru samþykkt lög frá Alþingi um lýðskóla á Íslandi, lög nr. 65/2019 og í framhaldi af því hafa lýðskólar á Íslandi þurft að sækja um viðurkenningu til Menntamálastofnunar (MMS) til að fá að starfa sem lýðskóli. Lýðskólinn á Flateyri var fyrstur skóla til að hljóta viðurkenningu MMS á grundvelli laga nr. 65/2019 til að fá að starfa sem lýðskóli. Viðurkenninguna hlaut skólinn í mars 2021 og í framhaldi af því hófust formlegar viðræður við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstur skólans til næstu þriggja ára í senn. Sá samningur er komin í höfn og gildir út árið 2028.

Við mat á innra starfi skólans er fyrst og fremst unnið með gögn sem aflað er meðal nemenda og kennara. Gögnin sem notuð eru til grundvallar matinu eru; kennslumat nemenda sem lagt er fyrir nemendur í lok hvers námskeiðs og sjálfsmat sem kennarar fylla út eftir að þeir hafa lokið kennslu við skólann. Þá er unnið með gögn sem aflað er meðal nemenda í lok skólaárs um upplifun þeirra af náminu, félagslegri líðan, aðstöðu í skólanum og samskiptum við skólastjórnendur o.s.frv. Einnig er stuðst við reynslu starfsfólks skólans af skólaárinu.

Upplýsingar sem fást við rýningu gagna eru nýttar til að yfirfara námskeiðslýsingar, skipulag námsins og námsskrána í heild fyrir næsta skólaár. Þá eru dregnar saman upplýsingar um upplifun nemenda sem hópur, af hverju námskeiði fyrir sig og uppröðun þeirra á önninni, einnig er sjónarmið kennara tekið inn við endurskipulag námskeiðanna. Á skólaárinu 2025-2026 var reynt að halda kennarafund með öllum kennurum haustannar en mætingin var slæm og því var honum frestað. Enginn formlegur kennarafundur haldinn vorönnina 2026 vegna veikindaleyfis kennslustjóra. Það er mikilvægt að koma á kennarafundum þar sem kennarar skólans koma saman og ræða skólastarfið, þeirra aðkomu að þróun náms og kennslu og samskipti við nemendur en spurning hvort sé ekki best að halda einstaklingsfundi með kennurum þegar þeir eru á Flateyri þar sem erfitt er að ná öllum saman á rafræna fundi.

Samfélagsþátttaka er mikilvægur hluti af gildum Lýðskólans á Flateyri. Rík áhersla er lögð á að nemendur og íbúar nærliggjandi byggðarlaga vinni í náinni og virkri samvinnu að því að auðga mannlífið með því að efna til viðburða, blása til veislu, stuðla að samveru eða auka við þá þjónustu og afþreyingu sem býðst í hverju bæjarfélagi. Í vetur tókum skólinn við sjálfboðaliða í fyrsta sinn, í samstarfi við AFS, sem hafði það hlutverk að skipuleggja viðburði á vegum skólans bæði fyrir nemendur og fyrir samfélagið. Einnig bar sjálfboðaliðinn ábyrgð á morgunmatnum og að halda utan um gistingu fyrir kennara og fleira tilfallandi. Veturinn var lærdómsríkur og ýmislegt

kom upp sem þarf að hafa í huga ef taka skal á móti öðrum sjálfbærliða. Það er þó okkar vilji því reynslan var heilt yfir jákvæð.

Skýrsla starfsfólks

Skólastarfið gekk vel veturinn 2025-2026. Kenndar voru báðar brautirnar, Hugmyndabraut og Lífið á Norðurslóðum. Alls bárust 34 umsóknir um skólavist, 5 hættu við, 6 svöruðu ekki símtölum né tölvupóstum eftir að hafa sent inn umsókn, einum var hafnað vegna landvistarleyfis. Frá Vinnumálastofnun bárust 8 umsóknir. 20 nemendur voru teknir inn í skólann, og það bættist við einn nemandi þegar 3 vikur voru liðnar af vetrinum en hann stoppaði stutt við og hætti eftir viku. Fjórir nemendur hættu eftir haustönnina, en einn nemandi kom nýr inn á vorönn. Því útskrifuðust alls 21 nemendur frá skólanum en 16 útskrifuðust eftir dvöl allan veturinn. Útskrift fór fram í Flateyrarkirkju og eftir útskrift bauð Lýðskólinn uppá kaffihlaðborð á Vagninum. Hátt í 60 manns mættu á útskriftina og í kaffið.

Þrír fastir starfsmenn voru við skólann á skólaárinu, í 2,5 stöðugildum. Skólastjóri, kennslustjóri og verkefnastjóri. Þá er húsvörður í 10% starfi. Margrét Gauja Magnúsdóttir er skólastjóri, Sigurrós Elddís Huldudóttir er kennslustjóri og Úlfar Logason verkefnastjóri í hálfu starfi. Í janúar 2026 fór kennslustjóri í veikindaleyfi út veturinn vegna þungunar og þá var gerður tímabundinn samningur við verkefnastjóra um fullt starf til 1. júní og því voru starfsmenn skólans tveir á vorönn, í fullu starfi og skiptu þau með sér verkefnum kennslustjóra.

Á hugmyndabraut voru kennd 20 námskeið yfir skólaveturinn, með meðtöldum námskeiðunum Frumefli, Samfélagsvika, Að búa á Flateyri, Samvinna og viðburðarstjórnun og önnur námskeið sem gengu út á samfélagsþátttöku og hópefli. Þessi námskeið voru samkennd á báðum brautum. Á Lífið á norðurslóð brautinni voru kennd 19 námskeið. Námskeiðin voru annað hvort ein vika eða tvær vikur. Flest námskeiðanna eru 2 vikur. Kennarar voru lausráðnir verktakar. Alls kenndu 30 kennarar yfir skólaveturinn á báðum brautum.

Fyrirkomulag á námskeiðum og uppröðun þeirra er í sífelldri endurskoðun og þar er sérstaklega tekið tillit til endurgjafar frá nemendum og kennurum. Uppröðun námskeiða verður endurskoðuð fyrir næsta skólaár svo hún henti sem best bæði nemendum og kennurum. Þá er einnig horft til hvernig námskeiðin “tala saman”, hvernig flæðið er á milli námskeiða og hvernig þau byggja ofan á hvert annað þekkingarlega séð. Kennd voru 4 ný námskeið á vetrinum og gengu þau öll vel og haldið verður áfram að kenna þau. Á brautinni Lífið á Norðurslóð var bætt við einni kennsluviku við skíðanámskeiðið og kennt á fleiri tegundir skíða. Haldið var viku fjallareiðhjólánámskeið og einnig var viku námskeið sem kallast „Landvörðurinn“ þar sem

nemendur fengu að kynnast starfi landvarða, þjóðgörðum og friðlendum og ýmislegt fleira um náttúruvernd á Íslandi.

Á síðasta skólaári var komið á formlegu samtali skólans við geðheilbrigðisteymi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Skólinn hefur einnig verið í virku samtali við Bergið headspace sem getur tekið einstaklingsviðtöl rafrænt ef þess þarf.

Frá stofnun skólans hefur hann verið í ófullnægjandi kennslurými. Upphaflega var skólinn á tveimur stöðum, á efri hæð Gunnukaffi sem nýtt var fyrir Hugmyndarbraut og í Samkomuhúsinu á Flateyri, sem nýtt var fyrir Lífið á norðurslóð. Starfsfólk var með skrifstofurými á efri hæð Gunnukaffi sem gengst undir nafninu „Höllin“. Samkomuhúsið var í eigu Ísafjarðarbæjar og setti bærinn húsið á sölu og vildi losna undir eignarhaldi þá yfirgaf skólinn það húsnæði og voru báðar brautirnar hýstar í „Höllinni“ en starfsfólk fór í skrifstofurými í Skúrinni sem var nýstofnað skrifstofurými til útleigu (www.skurin.is). Leitað hefur verið að tækifærum og húsnæði fyrir skólann síðustu ár og með tilkomu langtímasamnings við Mennta- og barnamálaráðuneytið þá var gert tilboð í Oddaveg 11, sem var byggt sem björgunarsveitarhús eftir snjóflóðin 1995 en hefur staðið tomt um árabil. Húsið er mjög hentugt báðum brautum en þarfnast töluverðar viðgerða og viðhalds. Leitað var til Bygðastofnunar um samstarf og lánveitingu og gekk það í gegn og fór svo að á aðalfundi Lýðskólans á Flateyri, 1. apríl 2026 var skrifað undir kaupsamning á Oddavegi 11 á Flateyri. Viðgerðir eru hafnar og stefnt er af því að kennsla hefst þar haustið 2026. Unnið verður áfram í húsinu og stefnt er af því að skrifstofur starfsfólks færist þangað sumarið 2027. Mun þá í fyrsta sinn í sögu skólans, öll starfsemi hans vera undir sama þaki. Stefnt er af því að húsið verði hæft til að taka á móti nemendum, kennurum og starfsfólki í hjólastóð en hingað til hefur það verið í boði. Húsið mun vonandi einnig nýtast annarri starfsemi og íbúum bæjarins.

Einnig urðu breytingar á stjórn skólans á sama aðalfundi en Runólfur Ágústsson sem hefur verið formaður frá upphafi lét af störfum og Peter Weizz, fyrrum forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða tók við keflinu. Ánægjulegt er einnig að tveir fyrrum nemendur skólans sitja í stjórn hans í dag.

Í vor fengum við einnig þær góðu fréttir að hafa hlotið tvo Nordplus styrki fyrir nemendaskipti. Í haust munu nemendur frá lýðskólum í Noregi og Finnlandi koma og heimsækja okkur, viku í senn og vorið 2027 munu nemendahópar okkar, Lífið á norðurslóð heimsækja Noreg og Hugmyndarbrautin heimsækja Finnland. Mikilvægt er fyrir gæði okkar starfs að tengjast reynslumiklum lýðskólum á Norðurlöndunum og læra af þeim og er þetta stór liður í að koma því ferli á koppinn.

Gæðamat- Innra matskerfi

Innra mat er fagleg greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að á hverju skólaári. Markmið með innra mati er að veita upplýsingar um skólastarfið og þróun og árangur í starfinu. Við innra mat er gerð greining á styrkleikum í skólastarfinu sem og áskorunum og tækifærum til breytinga. Út frá þeim niðurstöðum er gerð áætlun um úrbætur en unnið er út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?


Gögnum sem safnað er til grundvallar innra mati eru kennslukannanir meðal nemenda, sjálfsmat kennara, könnun meðal nemenda í lok skólaárs sem og samtal við nemendur.

Kennslukönnun meðal nemenda, eftir hvert námskeið


Kennslukönnun er þannig framkvæmd að kennslustjóri leggur spurningalista fyrir nemendur í lok hvers námskeiðs og er könnunin nafnlaus. Spurningalistinn inniheldur átta lokaðar spurningar þar sem svör eru sett upp á skalanum 1-5 (þar sem 1 þýðir „mjög lélegt“ og 5 þýðir „mjög gott“). Þegar starfsmaður hefur unnið úr kennslukönnun fyrir hvert námskeið eru niðurstöður sendar á kennara auk þess sem skólastjóri og kennslustjóri nota upplýsingarnar til að gera nauðsynlegar úrbætur þegar þess þykir þörf. Samantekt á niðurstöðum skólaársins er sett fram í myndum hér fyrir neðan, þar sem gerð er grein fyrir hverri önn á sérmynd. Fullt hús stiga er 5. Viðmið okkar eru 4.0. Ef einkunn er fyrir neðan 4.0 þá skoðum við það námskeið sértaklega og tökum ákvörðun um framhaldið. Vakin er athygli á því að meðaleinkunn námskeiða á hverri önn sem er ákjósanlegur mælikvarði á milli ára þar sem námsskráin er ekki eins á milli ára.

Hér má sjá meðaleinkunn hvers námskeiðs fyrir sig á Hugmyndabraut. Bæði á haust- og vorönn.

Meðaleinkunn (0-5) námskeiða á haustönn 2025 Hugmyndabraut




Meðaleinkunn (0-5) námskeiða á vorönn 2026 Hugmyndabraut



Meðaleinkunn námskeiðanna hvora önn fyrir sig var svipuð, 4.21 á haustönn en 4.39 á vorönn. Hlutfallið af námskeiðum sem fá undir 4 jafnt, eða 2 námskeið. Sá kennari sem skoraði hæðst á haust önn var Kvikmyndagerð en hins vegar voru kennararnir með Skapandi textíl, Skapandi hljóðvinnslu og Spuna öll með 4.8 í einkunn hvora fyrir sig.

Hér fyrir neðan má sjá meðaltalið fyrir námskeið á Norðurslóðabrautinni.




Meðaleinkunn fyrir hvora önn fyrir sig á Norðurslóðabraut var svipað og á Hugmyndabrautinni, 4.26 á haustönn og 4.22 á vorönn á skalanum 1-5. Lægsta meðaleinkunnin á vorönn hjá Norðurslóðabraut var Fjallamennska og svæðisleiðsögn með einkunnina 2.3. Það verður tekið til endurskoðunar á komandi skólavetri og kennararnir sem stóðu að því verða ekki endurráðnir til að halda námskeið aftur.


Könnun meðal nemenda í lok skólaárs

Könnun meðal nemenda í lok náms var framkvæmd í lok skólaársins vorið 2026. Alls svöruðu 16 nemendur könnuninni. Spurningarnar voru 8 talsins. Hér fyrir neðan verða sýndar helstu niðurstöður úr könnuninni og niðurstöður dregnar saman. Y-ásinn sýnir svarmöguleikana sem voru í boði við spurningunni og X-ásinn sýnir fjölda nemenda sem svaraði hverjum svarvalmöguleika fyrir sig. Svarmöguleikinn sem sýndi minnstu ánægjuna/mjög ósammála gaf eitt stig og svarmöguleikinn sem sýndi mestu ánægjuna/mjög sammála gaf fimm stig, nemendur gáfu með öðrum orðum einkunn á skalanum 1-5 við hverri spurningu. Meðaltal fyrir hvert svar er skrifað undir hverja mynd.


Alla könnunina er hægt að sjá í viðauka 2 með skýrslunni.




Meðaltal á skalanum 1-5 er 4.75.




Meðaltal á skalanum 1-5 er 4.7.




Meðaltal á skalanum 1-5 er 4.4.




Meðaltal á skalanum 1-5 er 4.4.




Meðaltal á skalanum 1-5 er 4.4.



Meðaltal á skalanum 1-5 er 3.9



Meðaltal á skalanum 1-5 er 4.2.



Meðaltal á skalanum 1-5 er 4.

Samantekt á helstu niðurstöðum

Það er ánægjulegt að sjá að nemendur eru mjög ánægðir með veru sína á Flateyri og telja sig mjög líklega til þess að mæla með skólanum við ættingja og vini. Það veitir okkur sem stöndum að skólanum mikla hvatningu til þess að halda áfram því góða starfi sem unnið er í skólanum. Þá eru nemendur almennt sáttir með kennsluna og kennarana á sinni braut sem eru einnig ánægjulegar niðurstöður. Hópurinn var einnig duglegur að koma saman utan skólans og sést það á ánægju þeirra með félagslífið utan skólans.

Þá eru nokkur atriði sem fram kom í könnuninni sem veitir okkur innsýn í hvað mætti betur mætti fara í starfi skólans. Húsnæði skólans kom verst út í könnuninni, nemendur gáfu því að meðaltali einkunnina 3.1 á skalanum 1-5. Það sést skýr munur á ánægju nemenda með húsnæði skólans eftir því á hvaða braut þau voru. En nemendur á Living in the Arctic brautinni voru mun óánægðari með húsnæði skólans en nemendur á Hugmyndabrautinni. Nú þegar búið er að kaupa nýtt húsnæði og verið að vinna í að standsetja það er verið að koma til móts við þessar niðurstöður. Lífið á norðurslóð brautinni mun hafa tvöfalda bílskúr með búnaði og kennslurými til sérafnota og draumurinn er, á næstu árum, að reisa þar klifurvegg og fleira til að geta æft inni, þegar ílla veðrar. Einnig er draumur um að skólinn eigi sína eigin kayaka svo nemendur geti haldið við því sem þeir læra í upphafi skólaárs á kayaknámskeiðinu og stundað þá íþrótt yfir veturinn.

Öll samskipti við nemendur voru tekin af spjallforritinu Messenger og prófað var að vera með svæði á Discord. Þar er hægt að koma miklu fleiri upplýsingum, skipulega, á framfæri, setja inn og geyma gögn, skapa viðburði o.fl. Ungt fólk í dag kann að nýta sér það forrit og erum við

starfsmenn komin á fullt að æfa okkur í samskiptum þar. Haldið verður áfram með Discord til að halda samskiptum við nemendur virkum og góðum. Einnig er stefnt á, eftir ár, að starfsfólk skólans verði með skrifstofuaðstöðu í nýja skólahúsnæðinu að Oddavegi 11 á Flateyri og þá verður öll starfsemi skólans undir sama þaki sem verður mikil bragabót á en í dag eru skrifstofur skólans í Skúrinni.

Opnar spurningar

Í opnum spurningum voru nemendur spurðir hvaða námskeið stæði helst upp úr hjá þeim og af hverju, hver var helsta ástæða þess að nemendur ákváðu að koma í skólann, hvað var það sem ekki stóðst væntingar þeirra við veruna í skólanum, hvað þeim fannst fá út úr dvöl sinni hér og að lokum var opin spurning þar sem þau gátum komið sínum athugasemdum á framfæri um dvöl sína á Flateyri og námið við skólann.

Ekkert eitt námskeið stóð upp úr hjá nemendum, á Hugmyndabraut komu flest námskeiðin fram í svörum nemenda. Á útivistarbrautinni var helst Fjallamennskan og ísklifur sem var nefnt í opnum spurningum. Ástæður sem nemendur gáfu upp um af hverju þau komu til Flateyrar var iðulega nefnt óskin um að prófa eitthvað nýtt eða komast frá krefjandi aðstæðum í Reykjavík.

Nemendur töldu að dvöl þeirra hafi staðist væntingar þeirra. Það helsta sem þeir nefndu var á að Hugmyndabrautin hefði mátt vera meira skapandi vinna í höndum og minni tölvu vinna. Þetta höfðu einnig fleiri nemendur haft orð á, á meðan skólanum stóð. Því höfum við tekið út eitt námskeið í vefsíðugerð og fengið Elfar og Marsibil í Kómedíuleikhúsinu til að vera með vinnusmiðju í brúðuleiklist þar sem nemendur skrifa brúðuleikrit og sviðsetja. Þá æfa þau sig í skrifum, sviðsetningu og brúðugerð og eru þarf af leiðandi í minni tölvuvinnu.

Nemendur sögðust hafa fengið mikið út úr dvöl sinni á Flateyri. Þau sögðust meðal annars hafa öðlast sjálfstæði, fundið sig aftur, eignast vini, lært mikið og eignast ný áhugamál og upplifað það að hafa tilheyrt samfélagi.

Í lokin komu ýmsar gagnlegar ábendingar varðandi hvað mætti betur fara, t.d. varðandi suma kennara, hvernig tekið er á mætingu nemenda og aukinn fyrirsjáanleiki í náminu fram í tímann, þ.e.a.s. hvernig ný námskeið séu uppsett. Allar kennsluáætlanir verða birtar á Discord 3 dögum áður en nýtt námskeið hefst og kennarar beðnir um að fylla út í stundatöflu þannig nemendur geta séð skýrt hvernig hver kennsludagur er skipulagður. Nú þegar erum við búin að búa til verkferla varðandi mætingu og hvernig eigi að taka á dræmri mætingu. Allir nemendur munu skrifa undir mætingarsamninga, allir kennarar munu gefa nemendum skriflegar umsagnir

og haldið verður áfram að verðlauna þann nemenda með bestu mætinguna eftir hvert námskeið með verðlaunagrip frá Vesturafli og inneign á veitingarhús á svæðinu.

Nemendur minntust líka á að þreytandi getur verið að vera sífellt að kynnast nýjum kennara og að þeir séu að læra nöfn og fleira um nemendur, uppá nýtt, við hvert námskeið. Við leggjum því áherslu á að reyna að ráða sömu kennarana oft en á eitt námskeið ef það er hægt, og við munum taka myndir af öllum nemendum í upphafi vetrar og gera plagg fyrir kennara svo þeir eigi auðveldara með að undirbúa sig og læra nöfn nemenda.

Sjálfsmat kennara

Sjálfsmat kennara á eigin kennslu og ýmsu því sem snýr að aðbúnaði til kennslu fór þannig fram að kennslustjóri sendi viðkomandi kennara spurningalista sem viðkomandi fyllti út. Spurningalistinn inniheldur fimm lokaðar spurningar þar sem svör eru sett upp á skalanum 1-5 og þrjár opnar spurningar (sjá spurningalista í viðauka 3). Jafnframt átti skólastjóri óformlega fundi með hverjum kennara á meðan á námskeiði stóð, stundum daglega til að vera upplýst um gang mála og eins til að bregðast strax við ef einhverjar spurningar eða ábendingar komu fram. Skólastjóri og kennslustjóri notuðu upplýsingarnar til að gera nauðsynlegar úrbætur þegar þess þótti þörf. Gögn með sjálfsmati hvers kennara eru vistuð á netþjóni skólans.

Umbætur

Ein af áskorunum skólans er að skólastarfið samanstendur af fjölmörgum stuttum námskeiðum þar sem hver kennari kemur í stuttan tíma til að kenna sitt námskeið. Það veldur því að erfitt getur verið fyrir kennara og nemendur að mynda tengsl, og kennarar eru oft að endurtaka efni sem aðrir kennarar hafa farið í gegnum. Í vetur var farið markvissara í að kennarar skiluðu inn bæði námskeiðslýsingu og kennsluáætlun þar sem tilgreint er skýrt hvað er gert á námskeiðinu og hvaða kennsluaðferðir viðkomandi kennari hyggst nota. Hingað til hefur ekki hefur verið fylgst nægilega vel með kennsluaðferðum, hvaða aðferðum er beitt eða því hvort þær eru nægilega fjölbreyttar. Þess vegna munum við fara fram á að kennari tilgreini kennsluaðferð í kennsluáætlun svo að við fáum yfirsýn yfir kennsluaðferðir og getum þannig tryggt fjölbreyttar kennsluaðferðir. Nemendur verða beðnir um að leggja mat á hvort að kennsluáætlun hafi staðist í lok hvers námskeiðs. Þannig er hægt að fá betri yfirsýn yfir námsefni og kennsluaðferðir, og þar með draga úr líkunum á því að kennarar séu að endurtaka efni. Þá viljum við skerpa á innihaldi námskeiðslýsinga, við munum fara fram á það við kennara að skilgreina vel hvers er ætlast til af nemendum og að þeir setji skýran ramma varðandi mætingu. Þetta er sérstaklega mikilvægt á

útvistarbrautinni þar sem mæting er oft lykilatriði til þess að nemendur læri öryggisatriði fyrir útikennslu. Mæti nemendur ekki í þann hluta námskeiðsins þar sem farið er yfir öryggisatriði, fá þeir ekki að ljúka námskeiðinu. Við munum einnig óska eftir því við kennara að hvert námskeið ljúki með einhverskonar sýningu, uppgjöri eða útkomu þar sem nemendur kynna afraksturinn. Einnig munu kennarar skila inn umsögnum um hvern nemenda, eftir hvert námskeið. Farið verður fram á að kennarar kynni sér siðareglur skólans og skrifi undir áður en þeir hefja kennslu.

Nemendur minntust líka á að þreytandi getur verið að vera sífellt að kynnast nýjum kennara og að þeir séu að læra nöfn og fleira um nemendur, uppá nýtt, við hvert námskeið. Við leggjum því áherslu á að reyna að ráða sömu kennarana oft en á eitt námskeið ef það er hægt, og við munum taka myndir af öllum nemendum í upphafi vetrar og gera plagg fyrir kennara svo þeir eigi auðveldara með að undirbúa sig og læra nöfn nemenda.

Við ætlum okkur að nota morgunfundina fyrir kennslu á markvissari hátt á komandi vetri. Á mánudögum förum við yfir liðna viku, metum hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara. Við ræðum hvað nemendur lærðu í liðinni viku, bæði um sig sjálfa og hvaða nýju hæfni hafa þeir öðlast á námskeiðunum.

Líkt og fram hefur komið hafa mætingarferlar verið uppfærðir þar sem viðmið um mætingu hafa verið sett. Byrji nemandi að falla undir 80% mætingu verður gripið inn í með viðtölum og eftirfylgni. Ef þörf er á, verður nemenda boðið þjónusta Bergsins headspace eða aðstoð hjá geðheilbrigðisteymi HVEST. Skráning á mætingu hefur hingað til farið þannig fram að tekin er niður mæting fyrir og eftir hádegis og svo í hádegismat. Kennarar sjá um að skrá hverjir mæta fyrir og eftir hádegis í kennslu, starfsfólk skólans sér um að skrá mætingu þegar kemur að umsjón með morgunmat. Nemendur munu skrifa undir mætingarsamning í upphafi vetrar og mótuð hafa verið Loforð LYDFLAT sem eru siðareglur skólans fyrir nemendur. Þær verða sýnilegar víðsvegar um skólann. Einnig ætlum við að hafa sýnilegt hvernig útskriftarskjal nemenda mun lýta út að námi loknu en þar kemur fram mætingarhlutfall eftir hvert námskeið, ásamt umsögnum. Með því að hafa það sýnilegt vonumst við til að það verði nemendum jákvæð hvatning til að standa sig vel í náminu.

Líkt og fram kom í kennslukönnuninni, kalla nemendur eftir meira samtali við starfsfólk, aðstoð þegar ágreiningur innan hópsins kemur fram og stuðning til þess að koma félagslífinu í góðan farveg. Í ágúst 2026 munu tveir sjálfboðaliðar koma á vegum AFS fyrir næsta vetur. Sjálfboðaliðarnir eiga að styðja nemendur í að sjá um félagsstarf utan skólatíma og aðstoða við ýmis verkefni tengd skólanum. Vegna jákvæðrar reynslu fyrri ára ætlum við einnig að endurvekja nemendaráð í skólanum. Sassa Eypórsdóttir, iðjuþjálfari og kennari við skólann frá byrjun mætir í

upphafi skólaárs, um mitt skólaár og í lok skólaárs sem utanaðkomandi aðili og sérfræðingur í samskiptum. Hennar hlutverk verður að fylgja eftir nemendum skólans allt árið og aðstoða þau við að takast á við ýmislegt sem kemur upp í hópnum og samskiptum. Einnig er stefnt af því, sumarið 2027, að skrifstofur skólans flytji í nýja skólahúsnæðið og þá verður aðgengi við starfsfólk mun betra.

Viðauki 1

Mat á gæðum námskeiðs og kennslu

Vinsamlega fylltu út eftirfarandi spurningakönnun eftir bestu samvisku og ekki vera feimin(n) að segja þína skoðun. Með þínum svörum aðstoðar þú okkur við að bæta gæði námskeiða og kennslu. Þegar þú hefur lokið við að svara spurningum, brýtur þú blaðið saman og skilar því í umslag hjá kennslustjóra. **Athugaðu að svör þín eru nafnlaus og því ekki rekjanleg til þín!**

Heiti námskeiðs: _____ Dagsetning: _____

Nafn kennara: _____

1. Þegar á heildina er lítið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með kennsluna á námskeiðinu?

__ Mjög ánægð(ur/t) __ Frekar ánægð(ur/t) __ Hvorki né __ Frekar óánægð(ur/t) __ Mjög óánægð(ur/t)

2. Hversu vel eða illa tókst kennaranum að vekja áhuga þinn á viðfangsefninu?

__ Mjög vel __ Frekar vel __ Hvorki né __ Frekar illa __ Mjög illa

3. Hversu mikið eða lítið fannst þér kennari hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og gagnrýnnar hugsunar?

__ Mjög mikið __ Frekar mikið __ Hvorki né __ Frekar lítið __ Mjög lítið

4. Fannst þér kennari gera mikið eða lítið af því að veita þér og öðrum nemendum jákvæða og uppbyggilega endurgjöf á námskeiðinu?

__ Mjög mikið __ Frekar mikið __ Hvorki né __ Frekar lítið __ Mjög lítið

5. Fannst þér kennari notað mikið eða lítið fjölbreyttar aðferðir við koma kennsluefni til skila (t.d. hópavinnu, umræður, leiki eða annað)?

__ Mjög mikið __ Frekar mikið __ Hvorki né __ Frekar lítið __ Mjög lítið

6. Hvað fannst þér jákvæðast eða best við námskeiðið? _____

7. Hvað, ef eitthvað, hefði að þínu mati mátt vera betra við þetta námskeið?

Viðauki 2

Könnun meðal Lýðskólanema skólaárið 2024-2025

Kæri Lýðskólanemi

Meðfylgjandi er spurningakönnun sem send er til allra nemenda sem stunduðu og luku námi við Lýðskólann á Flateyri skólaárið 2024-2025. Tilgangur könnunarinnar er að afla upplýsinga um viðhorf nemenda til skólastarfsins með það að markmiði að bæta gæði og upplifun í skólastarfinu.

Svör þín eru trúnaðarmál og nafn þitt kemur hvergi fram í svörum þínum við könnuninni. Skólastjórnendur munu eingöngu hafa aðgang að samanteknum svörum allra svarenda og þess gætt afar vandlega að ekki verði hægt að rekja svör til einstakra nemenda.

Þátttaka þín er afar mikilvæg og það er okkur mikils virði að þú skulir vilja svara þessum spurningum. Þér er ekki skylt að svara spurningalistanum í heild né einstökum spurningum.

Vinsamlega lestu hverja spurningu vandlega og svaraðu eins vel og þú getur. Þú svarar spurningum með því að merkja í þann reit sem á við það svar sem þú vilt nota við hverja spurningu. Við nokkrar spurningar er beðið um að þú skrifir svör þín.

Það eru ekki til nein „rétt“ eða „röng“ svör við spurningunum. Svörin þín eiga að vera þau svör sem eru „rétt“ fyrir þig.

Með fyrir fram þökk fyrir þátttökuna

Margrét Gauja, Sigurrós og Úlfar

--

Spurningar sem tengjast náminu og skólastarfi

1. Þegar á heildina er litið, hversu ánæg/t/ð/ur eða óánæg/t/ð/ur ert þú með veru þína í Lýðskólanum á Flateyri veturinn 2024-2025.

- ☐ Mjög ánæg/t/ð/ur
- ☐ Frekar ánæg/t/ð/ur
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar óánæg/t/ð/ur
- ☐ Mjög óánæg/t/ð/ur

2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með Lýðskólanum á Flateyri við vini og kunningja?

- ☐ Mjög líklegt
- ☐ Frekar líklegt
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar ólíklegt
- ☐ Mjög ólíklegt

3. Þegar á heildina er lítið, hversu ánæg/t/ð/ur eða óánæg/t/ð/ur ertu þú með kennsluna á þinni braut?

- ☐ Mjög ánæg/t/ð/ur
- ☐ Frekar ánæg/t/ð/ur
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar óánæg/t/ð/ur
- ☐ Mjög óánæg/t/ð/ur

4. Þegar á heildina er lítið, hversu vel eða illa finnst þér hafa tekist til við að vekja áhuga þinn á ýmsu því sem kennt var á þinni braut?

- ☐ Mjög vel
- ☐ Frekar vel
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar illa
- ☐ Mjög illa

5. Þegar á heildina er lítið, hversu mikið eða lítið finnst þér þú hafa lært í þeim námskeiðum sem kennd voru á þinni braut?

- ☐ Mjög mikið
- ☐ Frekar mikið
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar lítið
- ☐ Mjög lítið

6. Hvaða námskeið stendur upp úr að þínu mati og af hverju?

a. Opin spurning (vanda skrift)

7. Þegar á heildina er lítið hversu ánæg/t/ð/ur eða óánæg/t/ð/ur varst þú með kennarana í skólaárinu?

- ☐ Mjög ánæg/t/ð/ur
- ☐ Frekar ánæg/t/ð/ur
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar óánæg/t/ð/ur
- ☐ Mjög óánæg/t/ð/ur

Spurningar um aðstöðu, skipulag og félagslíf

8. Hvernig fannst þér aðstaðan í skólahúsnæði til að stunda námið þitt?

- ☐ Mjög góð
- ☐ Frekar góð
- ☐ Hvorki né

- ☐ Frekar léleg
- ☐ Mjög léleg

9. Hvernig fannst þér aðstaða til samveru og félagsstarfs nemenda ?

- ☐ Mjög góð
- ☐ Frekar góð
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar léleg
- ☐ Mjög léleg

10. Hversu ánæg/t/ð/ur eða óánæg/t/ð/ur varst þú með samskipti skólastjórnenda við þig og aðra nemendur?

- ☐ Mjög ánæg/t/ð/ur
- ☐ Frekar ánæg/t/ð/ur
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar óánæg/t/ð/ur
- ☐ Mjög óánæg/t/ð/ur

11. Hvernig fannst þér upplýsingaflæði frá stjórnendum vera um skólastarf, dagsskipulag og fleira?

- ☐ Mjög gott
- ☐ Frekar gott
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar slæmt
- ☐ Mjög slæmt

12. Hvernig fannst þér félagslífið vera utan skólatíma?

- ☐ Mjög gott
- ☐ Frekar gott
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar slæmt
- ☐ Mjög slæmt

13. Hvernig fannst þér aðstaðan á heimavist nemenda?

- ☐ Mjög góð
- ☐ Frekar góð
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar léleg
- ☐ Mjög léleg

14. Hvernig fannst þér að búa á Flateyri?

- ☐ Mjög gott
- ☐ Frekar gott

- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar slæmt
- ☐ Mjög slæmt

Spurningar um veru þína við Lýðskólann á Flateyri síðasta vetur

15. Hver er helsta ástæða þess að þú ákvaðst að koma í Lýðskólann á Flateyri?

a. Opin spurning

16. Hversu vel eða illa stóðst vera þín í Lýðskólanum á Flateyri síðasta vetur væntingar þínar?

- ☐ Mjög vel
- ☐ Frekar vel
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar illa
- ☐ Mjög illa

17. Hvað var það sem helst stóðst ekki væntingar þínar í skólanum síðasta vetur?

a. Opin spurning

18. Hversu vel eða illa finnst þér þú hafa stundað námið? (mæting og athygli í tímum)

- ☐ Mjög vel
- ☐ Frekar vel
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar illa
- ☐ Mjög illa

19. Hefur vera þín í skólanum haft mikil eða lítil áhrif á þín næstu skref og framtíðaráform?

- ☐ Mjög mikið
- ☐ Frekar mikið
- ☐ Hvorki né
- ☐ Frekar lítið
- ☐ Mjög lítið

20. Hvað finnst þér þú helst hafa fengið út úr veru þinni á Flateyri og náminu við Lýðskólann síðasta vetur / Hvað er það mikilvægasta sem þú lærðir?

a. Opin spurning

21. Að lokum: Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri í sambandi við skólann í heild, skipulag námsins eða annað?

a. Opin spurning

Viðauki 3

Sjálfsmat kennara að námskeiði loknu

Heiti námskeiðs:

Dagsetningar:

Kennari/kennarar:



1. Hversu ánægð/ur ertu í heildina séð með námskeiðið þitt ?

___ mjög ánægð/ur ___ frekar ánægð/ur ___ hvorki né ___ frekar óánægð/ur ___ mjög óánægð/ur

2. Hversu vel fannst þér takast að uppfylla þau kennslumarkmið sem þú lagðir upp með í upphafi námskeiðs?

___mjög vel ___ frekar vel ___ hvorki né ___ frekar illa ___ mjög illa

3. Hversu vel/illa fannst þér þú vera undirbúinn fyrir námskeiðið?

___mjög vel ___ frekar vel ___ hvorki né ___ frekar illa ___ mjög illa

4. Hversu móttækilegir fannst þér nemendur vera fyrir efni námskeiðsins?

___mjög móttækilegir ___ frekar móttækilegir ___ hvorki né ___ frekar lítið ___ mjög lítið

5. Hversu góð/slæm fannst þér upplýsingagjöf fyrir námskeiðið þitt vera ?

___mjög góð ___ frekar góð ___hvorki né ___slæm ___ mjög slæm

1. Hvernig fannst þér námskeiðið almennt ganga hjá þér?

2. Einhverjar ábendingar til skólastjórnanda varðandi skipulag námskeiðs eða aðbúnað?